

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags Hellisvalla á Hellnum, Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti þann 4. mars 2010 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hellisvelli á Hellnum. Breytingin felur í sér að lóðir nr. 9 og 10, sem eru vestan lóðar nr. 8 og 11 skv. gildandi deiliskipulagi, verða norðan lóða nr. 11 og 12. Lóðarmörkum, lögun gatna og leiksvæðis er breytt, gert er ráð fyrir bílastæðum norðan við Diddatröð, breytingar eru gerðar á stígum og gert er ráð fyrir rotþró og siturlögn austan við þorpið. Lóðir verða 200-400 m² í stað 130-260 m².

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 6. apríl 2010.

Smári Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2010